

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. desember 2011  
2011110018/42-1-3  
TB

**Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 106. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 106. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda þingsályktunartillögu. Náttúrufræðistofnun tekur undir markmið tillögunnar. Stofnunin telur að ef fara á í stofnun nýs stórs þjóðgarðar verði að vinna mjög markvisst strax frá byrjun. Til dæmis telur Náttúrufræðistofnun að það eigi að vinna náttúrufarsúttekt fyrir „svæðið“ í heild og ákveða strax frá byrjun verndargildi einstakra svæða innan fyrirhugaðs þjóðgarðs, stjórnun þeirra o.s.frv. Með öðrum orðum að það eigi að liggja fyrir almennileg verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þjóðgarðinn áður en hin eiginlega stofnun á sér stað. Það sé því strax frá byrjun vitað að hverju er stefnt bæði hvað varðar vernd og verndargildi (tegundir, vistgerðir, vistkerfi, jarðfræði, landslag, menningarminjar, vöktun, rannsóknir), útivistarmöguleika, umferð (gangandi, akandi, hjólréiðar, ríðandi), þjónustukjarna, stjórnun (ríki, sveitarfélög, samtök...), fjármál o.s.frv. Hér ætti því að vera tækifæri til að gera hlutina vel þó það taki eitthvað lengri tíma. Alltaf má vernda ákveðin svæði strax til bráðabirgða, þó þau séu ekki orðin að þjóðgarði, til að kom í veg fyrir röskun þeirra.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

